

Er málið kom fyrir dóm 3. febrúar sl. var þess krafist af hálfu áfrýjanda að það yrði hafið. Af hálfu stefnda var krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt þessu ber að fella mál þetta niður. Rétt þykir að áfrýjandi greiði stefnda 2.500,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Mál þetta er felld niður.

Áfrýjandi, Ragnar Halldór Hall skiptaráðandi í Reykjavík f.h.þrotabús Cosmos á Íslandi hf., greiði stefnda, Cosmos hf., 2.500,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. mars 1986.

Nr. 1/1986. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Tryggva Bjarna Kristjánssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 13. nóvember 1985 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 17. janúar 1986.

Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum að hann ók bifreið svo sem í ákæru greinir. Þar sem hann hafði áður verið sviptur ævilangt rétti til ökuleyfis hefur hann þannig brotið gegn

27. gr. sbr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Miðað við alkóhól sem mældist í blóði hans, 0,60‰, hefur hann með akstri sínum einnig brotið gegn 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Ber að refsa honum samkvæmt 80. gr. umferðarlaga sbr. lög nr. 54/1976.

Nýtt sakavottorð ákærða hefur verið lagt fyrir Hæstarétt og sýnir það að á árinu 1985 sættist ákærði þrisvar á sektargreiðslur fyrir brot gegn ávana- og fikniefnalögum, 11. mars, 9. maí og 2. nóvember. Brot ákærða, sem nú er dæmt um, voru framin 9. mars 1985. Ber því að ákveða refsingu með hliðsjón af 78. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo og 77. gr. sömu laga.

Ákærða, sem hefur alls 11 sinnum áður sætt refsisdómum, var 24. nóvember 1984 veitt reynslulausn af eftirstöðvum refsingar, 140 daga fangelsi. Með brotum sínum, sem mál þetta er risið af, rauf hann skilorð reynslulausnarinnar, og átti héraðsdómari því skv. 1. mgr. 42. gr. hegningarlaga sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976 að ákveða refsingu með hliðsjón af hinni óloknu refsivist, þannig að hún yrði metin sem skilorðsdómur, en það hefur hann eigi gert. Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins sem sýnir að ákærði hefur 25. f.m. verið látinn hefja afplánun þeirrar refsingar sem reynslulausn var veitt af. Virðist það hafa verið gert samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga sbr. lög nr. 16/1976. Þrátt fyrir þetta þykir eftir sem áður eiga að tiltaka refsingu ákærða samkvæmt sjónarmiðum 1. mgr. greinarinnar, þannig að refsing sú sem dæmd verður taki bæði til brota þeirra sem ákærði er nú sakfelldur fyrir og eftirstöðva refsingar sem veitt var reynslulausn af 24. nóvember 1984. Þykir refsing ákærða samkvæmt því sem nú hefur verið rakið hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði, enda verði afplánunin síðan 25. f.m. talin til refsíúttektar.

Brot ákærða gegn 25. gr. umferðarlaga varðar sviptingu ökuleyfis eða réttar til að öðlast það. Ber að árétta þá sviptingu réttar til ökuleyfis sem ákærða hefur verið dæmd áður.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Tryggvi Bjarni Kristjánsson, sæti fangelsi 6 mánuði og telst hann hafa hafið afplánun refsingar 25. febrúar 1986.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttar til ökuleyfis og um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. ágúst 1985.

Ár 1985, fimmtudaginn 29. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 489/1985: Ákærvaldið gegn Tryggva Bjarna Kristjánssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið var höfðað með ákæru, dagsettri 30. maí sl., „á hendur Tryggva Bjarna Kristjánssyni, Nönnugötu 10, Reykjavík, fæddum 7. október 1959 í Ytri-Njarðvík, fyrir að aka, laugardaginn 9. mars 1985, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni Y-12799 frá Umferðarmiðstöðinni við Hringbraut í Reykjavík áleiðis til Hafnarfjarðar þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Hafnarfjarðarvegi í Kópavogi.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar eða til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Í skýrslu lögreglunnar í Kópavogi segir að kl. 03.20 9.3. 1985 hafi lögreglumenn verið staddir á Hafnarfjarðarvegi, skammt sunnan við fyrirtækið Nesti að kanna ástand ökumanna. Bifreiðinni Y-12799 hefði verið ekið í suðurátt. Lögreglumaður hefði gefið stöðvunarmerki sem ökumaðurinn sinnti ekki. Bifreiðin hefði eftir stutta eftirför verið stöðvuð. Þá kom í ljós að „talsverðan áfengisþef“ lagði frá vitum ökumannsins ákærða í málinu. Ákærði hefði verið færður til yfirheyrslu og í blóðtöku. Í sýninu reyndist magn alkóhóls vera 0,60‰ samkvæmt vottorði Rannsóknastofu í lyfjafærði.

Í skýrslu Guðm. Óskarssonar um yfirheyrsluna á lögreglustöðinni í Kópavogi segir að fram hafi komið hjá ákærða að hann hefði verið að koma frá Umferðarmiðstöðinni í Reykjavík, er hann var stöðvaður, og verið á leiðinni til Hafnarfjarðar. Ákærði hefði neitað áfengisneyslu, sagðist aðeins hafa drukkið bjór (lageröl). Í athugasemdum varðstjórans segir að talsverður áfengisþefur hafi verið af ákærða og öndunarsýni sýnt 3. stig.

Í yfirheyrslu hjá lögreglunni í Reykjavík 9. maí sl. skýrði ákærði svo

frá, að hann hefði verið á leið á bifreiðinni Y-12799 frá Umferðarmiðstöðinni í Reykjavík til Hafnarfjarðar, er hann hefði verið stöðvaður. Ákærði hefði aðeins drukkið 4-5 flöskur af lageröli á tímabilinu kl. 01.30 til 03.15 í Umferðarmiðstöðinni. Ákærði hefði ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Ákærði kvaðst aldrei hafa öðlast ökuréttindi og vefengdi ekki niðurstöðu alkóhólranssóknar á blóðsýni því sem honum var tekið umrætt sinn.

Eftir að ákæra málsins var birt í dóminum kannaðist ákærði við að hafa hinn 9. mars sl. ekið bifreiðinni R-12799 (sic) frá Umferðarmiðstöðinni áleiðis til Hafnarfjarðar uns lögreglan stöðvaði aksturinn í Kópavogi. Ákærði taldi að hann hefði ekki fundið til „beinna áfengisáhrifa við aksturinn.“ Ákærði hefði verið með gleðskap heima hjá sér að kveldi fimmtudagsins 7. mars sl. og hefði hann staðið fram á næsta morgun og „reyndar fram að hádegi.“ Ákærði hefði drukkið mikið áfengi allan þann tíma og orðið mikið ölvaður. Ákærði hefði lagt sig um hádegisbilið og sofið til kl. 8-9 um kvöldið og vaknað mikið „timbraður“. Því drakk hann nokkrar öflöskur áður en hann hóf aksturinn. Ákærði kvaðst hafa „hresst við það en ekki orðið ölvaður.“ Ákærði gerði ekki athugasemdir við gögn málsins.

Með framburði ákærða um áfengisneyslu o.fl., alkóhólgreiningu á blóðsýni og öðrum gögnum málsins er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi sem í ákæru greinir. Þar með hefur hann brotið gegn 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og unnið til refsingar samkvæmt 80. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 54/1976.

Ákærði hefur sætt kærnum og refsingum sem hér greinir:

- 1976 10/8 Keflavík: Dómur: 1 árs fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr., 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga og 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga, sbr. 81. gr. sömu laga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 16 mánuði frá 10/8 1976.
- 1977 6/5 Keflavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga og 2., sbr. 5. gr., sbr. einnig 6. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974. (Hegningarauki).
- 1977 8/6 Keflavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi (÷ 20 daga gæsluvarðhald) fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1979 14/12 Reykjavík: Sátt, 430.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65, 1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974 og 77. gr. hegningarlaga.
- 1979 17/12 Keflavík: Dómur: 120.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 17.12. 1979.

- 1980 6/11 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi (hegningarauki) fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 25. og 27. gr., sbr. 81. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Skal vera ævilangt sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi.
- 1980 6/11 Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Ekki dæmd refsing.
- 1980 18/7 Reykjavík: Ávana- og fíkn.: Sátt, 150.000 kr. sekt fyrir brot á 2. sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974.
- 1980 26/11 Reykjavík: Ávana- og fíkn.: Sátt, 750.000 kr. sekt fyrir brot á 2. sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974, sbr. 71. gr. hegningarlaga, v.s. 14/12 1979.
- 1980 30/10 Keflavík: Dómur: 12 mánaða fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
- 1981 3/4 Reykjavík: Ávana- og fíkn.: Sátt, 3.800 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65, 1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.
- 1981 28/10 Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi. Hegningarauki, fyrir brot á 155. gr., 231. gr., 244. gr., 246. gr. hegningarlaga og 27. gr. umferðarlaga.
- 1981 17/11 Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. (Hegningarauki).
- 1982 11/5 Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 248. gr. og 155. gr. hegningarlaga.
- 1982 27/7 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 155., 244. gr. hegningarlaga og 27. gr. umferðarlaga. Hegningarauki.
- 1983 12/3 Reykjavík: Reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar 320 dögum.
- 1983 4/7 Reykjavík: Dómur: 12 mánaða fangelsi fyrir brot á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá dómsbirtingu.
- 1983 28/4 Reykjavík: Ávana- og fíkn.: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974.
- 1983 16/8 Reykjavík: Ávana- og fíkn.: Sátt, 8.400 kr. sekt fyrir brot á 2. sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65, 1974 og reglugerð nr. 390, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980 og 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. 77. gr. hegningarlaga.

- 1983 16/11 Reykjavík: Dómur Hæstaréttar varðandi dóm uppkveðinn 4.7. 1983: Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.
- 1984 8/3 Reykjavík: Sátt, 12.000 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga.
- 1984 7/8 Reykjavík: Ávana- og fikn.: Dómur: 60 daga fengelsi fyrir brot á 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974.
- 1984 24/11 Reykjavík: Reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar 140 dögum.

Refsing ákærða telst með vísan til 71. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin varðhald í 40 daga. Jafnframt er ákærði sviptur samkvæmt 81. gr. umferðarlaga rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt.

Loks greiði ákærði sakarkostnaðinn.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Tryggvi Bjarni Kristjánsson, sæti varðhaldi í 40 daga.

Ákærði er sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 13. mars 1986.

Nr. 180/1983. **Margrét Georgsdóttir**

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Skúla Hansen

(Svala Thorlacius hrl.)

Fasteignakaup. Vísitölutryggð veðskuldabréf. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.